



Sturla Ómarsson stjórnarformaður Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Örnólfur Jónsson yrði kosinn fundarstjóri og Unnur Elín Jónsdóttir frá Mörkuðum Arion banka myndi rita fundargerð. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lagði til að liðirnir um ársreikninginn og fjárfestingarstefnuna yrðu tekin saman og á eftir honum yrði farið yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Ekki voru gerðar athugasemdir við það. Fundurinn var lýstur lögmaður og gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Sturla Ómarsson formaður stjórnar EFÍA:

Kæru félagar

Óhætt er að segja að síðastliðið ár hafi verið ár breytinga. Eftir þrjú góð ár sem endurspegluðu ein bestu ár í sögu lífeyrissjóðsins kom erfitt ár þegar litið er til ávöxtunar. Orsökina má að stóru leyti rekja til Covid kreppunnar og stríðsins í Úkraínu sem leiddu til samdráttar á fjármálamörkuðum.

Verðbólga hefur vaxið hratt sem okkur er öllum kunnugt, miklar vaxtahækkningar eftir gríðarlega miklar vaxtalækkningar sem má kannski velja fyrir sér hvort hafi verið farið of geyst í þegar litið er í baksýnispegilinn. Þessar aðstæður voru ekki einungis á Íslandi heldur allt í kringum okkur og þessar aðstæður sköpuðu eins og fyrr segir samdrátt á fjármálamörkuðum.

Ávöxtun sjóðsins á árinu 2022 endurspeglar þessa stöðu en hún var neikvæð sem nam 6,1% eða 14,2% neikvæðri raunávöxtun. Ávöxtun allra flokka í safninu kom ekki nægilega vel út og í flestum tilfellum neikvæð eða rétt við núllið.

Ávöxtun yfir lengri tíma er hins vegar enn þá hagstæð en síðustu 10 ár er raunávöxtun um 4% sem er nokkuð yfir því viðmiði sem lífeyrissjóðir reikna sínar skuldbindingar út frá samkvæmt lögum sem er 3,5%.

Heildariðgjöld á árinu voru rétt um 2 milljarðar en greiddur lífeyrir rétt um 1300 milljónir. Það segir okkur að sjóðurinn er að stækka og nettó fjárfestingaþörf sjóðsins á mánuði er tæplega 60 milljónir fyrir utan fjárfestingaþörfina sem fellur til vegna arðgreiðslna eða endurgreiðslna á lánum. Það er afskaplega áhugavert að sjá að sjóðurinn er farinn að stækka aftur með sama hætti og var fyrir Covid kreppuna.

Í tryggingafræðilegri athugun var árið 2022 ár breytinga.

Eftir töluverðan undirbúning og umræður síðastliðin ár var loks samþykkt að taka upp nýja aðferðafræði við að meta lífaldur Íslendinga. Í langan tíma höfum við verið að horfa aftur í tímann og litið til reynslu undangenginna ára þegar við höfum verið að meta hvað Íslendingar muni lifa lengi og þá hvaða skuldbindingar lífeyrissjóðir þurfa að standa við. Þar sem lífaldur hefur verið að hækka í gegnum árin hefur þetta þýtt að í tryggingafræðilegri stöðu hefur ávallt komið nokkuð högg á stöðu sjóðsins við hverja uppfærslu á þessum lífslíku töflum sem hafa verið endurnýjaðar á um 5 ára fresti.

Handwritten initials in blue ink, possibly "H. Ö." or similar, located in the bottom right corner of the page.

Sú breyting sem gengið hefur í gegn er að nú er ekki einungis horft til reynslu síðustu ára heldur einnig horft til spá um væntar lífslíkur við mat á lífaldri Íslendinga.

Til glöggvunar á þessari stöðu var meðallífaldur þeirra sem féllu frá árið 1990 rúmlega 78 ár en árið 2020 var meðal lífaldur Íslendinga komin upp í rúmlega 82 ár og ef framtíðarspá tryggingastærðfræðinga gengur eftir verður þessi aldur orðinn tæp 86 ár árið 2045. Ég vona að þessi nýja aðferðafræði muni koma á meira jafnvægi eða meiri fyrirsjáanleika við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins til framtíðar.

Stjórn EFÍA lagði á sama tíma til aukningu réttinda sjóðfélaga um 16% sem ég held að sé með því hæsta sem lífeyrissjóður hefur lagt til í einu skrefi. Því miður urðu þið sjóðfélagar varir við hvað langan tíma tók að fá samþykktirnar samþykktar hjá fjármálaráðuneytinu þar sem útgreiddur lífeyrir hækkaði ekki í ágúst eins og við höfðum vonast eftir. En hækkan réttinda var greidd út í byrjun árs 2023 og var hún afturvirk frá ágúst 2022.

Eftir dapurt ár í ávöxtun árið 2022 er tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð sem nemur 6,8%. En það er þó ekki þannig að stjórn muni leggja til skerðingar á réttindum. Lögum samkvæmt er lífeyrissjóðum heimilt að vera með jákvæða eða neikvæða stöðu í tilgreindan tíma. Staða sjóðsins hefur verið jákvæð síðustu 9 ár en eins og við þekkjum var hún neikvæð í þó nokkurn tíma eftir bankahrunið árið 2008. Þannig getur tryggingafræðileg staða rokkað upp og niður innan ákveðinna marka en Benedikt mun fara betur yfir þessa þætti hér á eftir.

Á árinu 2022 kom fjármálaráðuneytið með óvænt útspil um mögulegar aðgerðir vegna slæmrar stöðu Íbúðarlánasjóðs. Stærstu eigendur bréfa Íbúðarlánasjóðs eru lífeyrissjóðir landsins og óskuðu yfirvöld eftir því að fá lífeyrissjóðina til viðræðna um uppgjör á skuldbindingum sjóðsins. Ljóst er að hugmyndir yfirvalda og lífeyrissjóða landsins eru ekki á sama grunni reistar og því miður neyddist lífeyrissjóðurinn til að færa niður eignarhluti sína í bréfum Íbúðarlánasjóðs. Þessi niðurfærsla hafði mikil áhrif á ávöxtun sjóðsins á árinu 2022, en halda skal því til haga að hér aðeins um varúðarniðurfærslu að ræða vegna þeirra óvissu sem uppi er.

Lífeyrissjóðir landsins hafa unnið saman og fengið til liðs við sig Logos lögmannstofu ásamt því að Róbert Spanó fyrrverandi forseti mannréttindadómstóls Evrópu hafa unnið greinargerðir sem fela í sér fullar heimtur á skuldbindingum Íbúðarlánasjóðs.

Fyrir ári síðan fjallaði ég um að íslenska lífeyriskerfið stæði vel í alþjóðlegum samanburði. Aftur er Ísland efst á samanburðarlista samkvæmt úttekt sem Mercer og CFA Institute stóðu fyrir. Náði úttektin til 44 þjóða og byggði á 50 mælikvörðum.

En einn af þeim mælikvörðum sem Mercer horfir til er lífeyristekjur sem ellilífeyrisþegar njóta úr sínum sjóðum og er það með því hæsta sem gerist á Íslandi. En kannski er það galli á gjöf Njarðar hversu sterkt lífeyriskerfi okkar er því ríkið hefur gengið nokkuð langt í því að skerða almennar lífeyrisgreiðslur á móti þessum háu greiðslum úr lífeyrissjóðum landsmanna, en þessar skerðingar koma sér illa við sjóðfélaga EFÍA þar sem við höfum ávallt greitt hátt hlutfall í lífeyrissjóð og einnig af nokkuð háum tekjum.

Við getum engu að síður verið stolt af stöðu íslenska lífeyriskerfisins og er óhætt að segja að það standi traustum fótum. Íslenska lífeyriskerfið er orðið svo stöndugt að eignir þess eru rétt um 208% af vergri landsframleiðslu. Það eitt og sér gerir fjárfestingar innanlands nokkuð flóknar. Þess vegna er lögð á það áhersla að auka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga erlendis. EFÍA hefur haldið áfram og

mun halda áfram að fjárfesta í auknum mæli erlendis en erlendar eignir sjóðsins er nú rúmlega 35% af heildareignum sjóðsins.

Lífeyrissjóðs eign er með stærri eignum sjóðfélaga og því hefur okkur í stjórn EFÍA þótt rétt og í raun skylda að vera virkur hluthafi á markaði. Stjórn EFÍA hefur setið fundi með nokkrum tilnefningarnefndum skráðra félaga, sent stjórnnum þeirra félaga athugasemdir við tillögum þeirra fyrir aðalfundi eða sent gagnrýni á ákveðnar framkvæmdir sem gengið hafa í gegn. Stjórn hefur þannig tekið virkan þátt í hluthafafundum skráðra félaga og hafnað þeim tillögum sem okkur hefur ekki hugnast eða ekki hefur verið brugðist við eftir okkar athugasemdir. Okkur þætti eðlilegt eða æskilegt að aðrir lífeyrissjóðir beiti sér með sama hætti og stjórn EFÍA hefur gert.

Við í stjórn EFÍA höfum reynt að vera nokkuð sýnileg til að auka þekkingu og þátttöku sjóðfélaga í sjóðnum. Í febrúar héldum við góðan upplýsingafund og svo í mars endurtókum við leikinn frá 2021 og var sjóðfélögum boðið á svokallaðan markaðsdag í höfuðstöðvum Arion banka. Þessir fundir heppnuðust mjög vel þar sem vel var mætt. Stjórn mun ganga enn lengra til að reyna að ná til sjóðfélaga og auka vitneskju allra á þessari stóru eign okkar sem fellst í lífeyri okkar.

Við erum nú að hefja tólfta ár í samfelldum rekstri hjá Arion banka. Samstarfið hefur gengið vel og langar mig að þakka starfsfólki Arion banka sérstaklega fyrir gott samstarf og þá sér í lagi framkvæmdastjóra sjóðsins Snædís Ögn Flosadóttur og Hjörleifi Waagfjörð forstöðumanni eignastýringar fagfjárfesta.

Stjórn lífeyrissjóðsins hélt 15 fundi á árinu 2022 og hefur samstarfs stjórnarmanna verið afskaplega farsælt en á stjórnarfundum skapast jafnan miklar og góðar umræður um málefni sjóðsins. Undirbúningur getur oft verið krefjandi, sér í lagi þegar mörg hundruð blaðsíður liggja fyrir en stjórnarmenn hafa ávallt komið gríðarlega vel undirbúnir og langar mig að þakka þeim sérstaklega fyrir virkilega gott samstarf.

Ég hef fjallað um að árið 2022 sé ár breytinga. Breytingar teygja sig einnig inná árið 2023 því frá og með þessum ársfundi sjóðsins verða framkvæmdastjóra skipti. Snædís sem hefur sinnt stöðu framkvæmdastjóra sjóðsins undanfarin 8 ár og sinnt því gríðarlega vel mun láta af störfum þar sem hún mun taka að sér nýtt starf innan Arion banka. Við höfum átt afskaplega gott samstarf en við starfi hennar mun taka Guðmundur Thorlacius lögfræðingur sem hefur sinnt ýmsum störfum innan bankans síðustu 13 ár og meðal annars komið að verkefnum í kringum sjóðinn og því ætti hann að þekkja aðeins til. Ég hlakka til að vinna með Guðmundi en á sama tíma kveð ég Snædís og er mjög ánægður með hennar störf og okkar samskipti síðastliðin átta ár.

Snædís fyrir hönd sjóðfélaga og stjórnarmanna langar mig að þakka þér kærlega fyrir það sem þú hefur fært sjóðnum.

2. Ársreikningur kynntur

Snædís Ögn Flosadóttir framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning sjóðsins. Hún byrjaði á að þakka stjórnarformanni falleg orð og þakkaði sömuleiðis fyrir einstaklega gott samstarf þessi átta ár. Á sama tíma og ég kveð sjóðinn, stjórn og sjóðfélaga með söknuði er ánægjulegt að kynna til leiks afar vandaðan eftirmann, Guðmund Thorlacius sem er einmitt staddur hér á fundinum.

Snæðis fór yfir breytingu á hreinni eign frá árinu 2021 yfir á 2022, hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um -4,9 % á milli ára og var í lok árs 55.665.203 milljarðar. Snæðis sýndi breytingu á hreinni eign frá árinu 2013 – 2022. Snæðis fór yfir efnahagsreikning og sjóðstreymi miðað við stöðu 31. desember 2022. Hún fór yfir iðgjöld, lífeyri og rekstrarkostnað á árinu 2022. Iðgjöld hækkuðu um 38,7% á milli ára, greiddur ellilífeyrir hækkaði um 13,6% á milli ára. Snæðis fór yfir sjóðstreymið, þróun á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Hrein eign til greiðslu lífeyris lækkaði um -4,9% á milli ára.

Snæðis fór yfir stöðu EFÍA í ÍL málinu og áhrif þess á eignasafn EFÍA. Safnið í heild fór niður um 1,42% við frétttaflutning af áformunum.

Allir lífeyrissjóðir í landinu eru sameinaðir í þessu máli eins og kemur fram á heimasíðu sjóðsins, áformaskjal er komið frá stjórnvöldum, sem er undanfari frumvarps. Lífeyrissjóðirnir eru að skila inn sameiginlegri umsögn sagði Snæðis.

Snæðis fór yfir helstu skýringar í ársreikningnum. Skýringu nr. 3.1 sundur liðun á greiddum lífeyri, 12,1% hækkun á milli ára á greiddum lífeyri.

Skýring nr. 5.1 skrifstofu og stjórnunarkostnaður hækkar í hlutfalli við hreina eign í lok árs um 0,20% á heildar liðnum skrifstofu og stjórnunarkostnaðar. Laun og launatengd gjöld hækka lítilllega á milli ára.

Skýring nr. 8. Snæðis vakti athygli sjóðfélaga á þeirri skýringu, þar væru raktar áhættur sem lífeyrissjóðurinn stendur frammi fyrir. Í skýringu 8.2 var útlituð lífeyristryggingaáhætta og í skýringu 8.4 hlutabréfaáhættan. Snæðis fór yfir helstu kennitölur í reikningnum, hrein raunávöxtun er tæp -14,2% og síðustu fimm ár var hún að meðaltali 3,0% en síðustu 10 ár 4,2%. Meðal fjöldi greiðandi sjóðfélaga var 629 og meðalfjöldi lífeyrisþega var 218. Farið var yfir hlutfallslega skiptingu lífeyris, ellilífeyrir var 79,6%, örorkulífeyrir var 7,4%, makalífeyrir var 12% og barnalífeyrir 1,0%.

Að lokum sagði Snæðis frá upplýsingargjöf til sjóðfélaga á árinu, birtar voru 23 fréttir á heimasíðu sjóðsins. Sjóðfélagafundur var haldinn 26. janúar en þar var farið yfir nýliðið ár, ávöxtun og árangur. Snæðis sagði frá vel heppnuðum markaðsdegi EFÍA og Arion banka var haldinn 22. mars. Hún hvatti alla sjóðfélaga til að skrá sig á fréttaveitu EFÍA en með slíkri skráningu fá sjóðfélagar sendar fréttir af sjóðnum þegar þær eru birtar á heimasíðunni.

3. Fjárfestingarstefna

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir þróun markaða, ávöxtun, eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu EFÍA 2023. Raunávöxtun á markaðsvirði safnsins var -14,2% á árinu 2022. Hjörleifur fór yfir niðurbrot ávöxtunar niður á eignaflokka. Hjörleifur fór yfir ávöxtun eignaflokka sbr. viðmið, með og án sjóðfélagalána. Hann fór yfir raunávöxtun sjóðsins til lengri tíma litið, frá 1997 – 2023, meðal raunávöxtunin á því tímabili var 3,5%. 15 ára ávöxtun á ári 1,6%.

Hjörleifur fór yfir ávöxtun EFÍA samanborið við aðra lífeyrissjóði, sýndi þróun á hlutfalli erlendra eigna sjóðsins. Stefnan á árinu 2023 er með 39% erlendum eignum. Farið var yfir hlutfall sjóðfélagalána samanborið við lífeyriskerfið í heild. EFÍA er með 14,0% en lífeyriskerfið er með 8,3%.

U. Ö. J.

Hjörleifur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins, sundurliðun skuldabréfa og hlutabréfa. Hjörleifur fór yfir helstu eignir ársins 2022 og ræddi innlendar sérhæfðar fjárfestingar, uppbyggingu og markmið að baki erlendum sérhæfðum fjárfestingum. Sýndi yfirlit yfir erlendar sérhæfðar fjárfestingar sem voru framtakssjóðir, fasteignasjóðir, sérhæfðir lánasjóðir og innviðasjóðir.

Að lokum fór Hjörleifur yfir þróun markaða það sem af er ári 2023 og ávöxtun eignasafns á sama tíma. Hann fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2023. Helstu breytingar á fjárfestingarstefnunni á milli ára voru að hlutfall erlendra fjárfestinga var aukið. Fjölbreytni erlends eignamengis breikkað, aukið vægi erlendra hlutabréfa og aukið vægi sérhæfðra erlendra fjárfestinga. Vægi innlendra skráðra hlutabréfa í heild er óbreytt. Dregið úr vægi innlendra skuldabréfa. Vikmörk voru aðlöguð í samræmi við fyrrnefndar áherslubreytingar.

Hjörleifur sýndi samanburð á fjárfestingarstefnum samtryggingadeilda helstu lífeyrissjóða landsins í samanburði við stefnu sjóðsins.

Fundarstjóri bað fundarmenn að kynna sig og gaf orðið laust.

Gylfi Magnússon spyr: það sem við eigum hjá sveitafélögum er það ekkert varhugavert á þessum síðustu og verstu tímum. Hjörleifur sagði að ljóst væri að staða Reykjavíkurborgar væri ekki góð, þó er það þannig að geta er til að bregðast við stöðunni að einhverju leiti, mögulegt er að auka tekjur og að selja eitthvað af þeim eignum sem borgin á eiga svo sem ljósleiðarann. Einnig er hægt að grípa til niðurskurðar, stoppa ráðningar á nýju starfsfólki og slíku, en rétt er að staðan er vissulega áhyggjuefni. Hvernig er að koma eignunum í verð spyr Magnússon. Það er að sjálfsgöðu fall af stund og hversu áhugaverðar eignir eru fjárfestum, í flestum tilvikum ætti þó verið að virkja þá möguleika sem eru til staðar..

Spurt var: Mun sjóðurinn hafa áhuga á því að taka þátt í skuldabréfa útboði borgarinnar? Skuldabréf útgefin af borginni eru til staðar í eignasafni sjóðsins, á núverandi tímamarki þykir mér ólíklegt að staðan yrði aukin verulega sagði Hjörleifur, það þarf hins vegar alltaf að horfa til þess álags og verðs sem í boði er á hverjum tíma og meta á því á móti líkurnar á óhagstæðri þróun.

Guðmundur Ólafsson spyr: kostnaður við tryggingafræðing 8 eða 9 milljónir, er þetta í tímakaupi. Snædís sagði að kostnaðurinn væri meðal annars tilkominn vegna innleiðingar á nýjum lífslíku töflum sem var stærsta verkefni ársins, þetta er sambærilegur kostnaður og hjá öðrum lífeyrissjóðum sagði Snædís.

Gylfi Magnússon spyr: hvaða ávöxtunarkröfu ertu tilbúin að samþykkja? Hjörleifur sagði, það er erfitt að festa tölu nema út frá forsendum hverju sinni, en í næsta útboði get ég sagt að við munum líklega ekki taka þátt. Til framtíðar er þetta matsatriði hverju sinni.

Steinþór Ingi Hall spyr: ÍL bréfin. Er það rétt skilið að allir sitji enn á sínum bréfum? Við höfum ekki nákvæmar upplýsingar um eign í þessum bréfum á hverjum tíma. Okkar mat miðað við þær tölur sem við höfum sem áreiðanlegastar er að lífeyrissjóðir hafi verið með um 90% og aðrir fjárfestar t.d. verðbréfasjóðir með það sem uppá stendur. Við teljum þó að það hafi ekki verið miklar hreyfingar hjá Lífeyrissjóðum, mögulega hafa verið einhverjar hreyfingar vegna útgreiðslu á lífeyri, en tilfinningin er sú að flestir hafi haldið að sér höndum sagði Hjörleifur.

Málefni ÍL sjóðs er veigamikil og sú staða sem upp er komin umhugsunarverð, rök eigenda bréfanna fyrir sterkri stöðu eru vel rökstudd og föst fyrir, að okkar mati er fjarstætt að íslenska ríkið ætli sér að reyna að fara þessa leið og hvað þá það að það muni ganga eftir án eftirmála.

Ársreikningur samþykktur samhljóða.

4. Tryggingafræðileg úttekt

Benedikt Jóhannesson fór yfir tryggingafræðilega athugun m.v. árslok 2022. Hann fór yfir helstu forsendur í útreikningum sem var árleg raunávöxtun 3,5%, nýjar lífslíkur 2014 – 2018 með spá um lækkandi dánartíðni, 100% af íslenskum örorkulíkum hjá bæði körlum og konum byggja á 2011 – 2016. Staðlaðar forsendur að öllu leyti nema raunveruleg hjúskaparstaða notuð hjá lífeyrisþegum sjóðsins. Tryggingafræðileg staðan 31.12.2022 var sú að áfallin skuldbinding í hlutfalli a skuldbindingum í árslok var -9,5% en var í ársbyrjun 01.01.2022 12,5%. Heildarskuldbindingin var -6,8% en var á byrjun árs 6,1%. Benedikt fór yfir yfirlit um breytingar miða við nýja réttindatöflu. Hann fór yfir álagspróf, áhrif breyttra forsendna og sögulega þróun.

Guðmundur Ólafsson spyr um innstreymi í sjóðinn, við gömlu karlarnir borguðum bara í sjóðinn, en núna eru sjóðfélagar að greiða í aðra sjóði jafnvel. Benedikt svaraði því til að tæknilega séð hefur þetta ekki áhrif á sjóðinn, en hefur áhrif á stærð hans. Réttindin jafnast á við það sem borgað er inn í sjóðinn. Verður sjóðurinn minna sterkur á þessu ? spyr Guðmundur. Nei sagði Benedikt.

Hvernig líst þér á gegnumstreymi sjóð ? mér líst illa á hann sagði Benedikt. Fæðingatiðni hefur lækkað sem ylli ójafnvægi til framtíðar í slíku kerfi..

Guðmundur bætti þá við spurningu um skattgreiðslur af innborgunum í lífeyrissjóði á sínum tíma sem Benedikt svaraði að hefði verið í samræmi við löggjöf þess tíma og breytingar á skattkerfinu sem þá var unnið að.

Ólafur Finnsson spyr: lífeyrissjóðurinn þurrkar út ellilífeyri frá ríkinu, í Danmörku er það ekki svo. En er þér kunnugt um að svona sé á hinum norðurlöndunum. Þekki það ekki nákvæmlega sagði Benedikt, en það er víða þannig en þau kerfi eru þá með öðrum hætti og samsetning lífeyris önnur. Okkar lífeyriskerfi þykir með þeim bestu heimi vegna m.a sjóðssöfnunar..

5. Tillaga stjórnar til breytingar á samþykktum sjóðsins

Snædís fór yfir tillögur á samþykktabreytingum sjóðsins.

**BREYTINGARTILLÖGUR STJÓRNAR Á SAMÞYKKTUM
EFTIRLAUNASJÓÐS FÉLAGS ÍSLENSKRA ATVINNUFLUGMANNA
LAGÐAR FRAM FYRIR ÁRSFUND SJÓÐSINS 9. APRÍL 2023
ÁSAMT SKÝRINGUM**

Breytingar þær sem hér eru lagðar fram snúa að hinum ýmsu greinum samþykka sjóðsins.

Í fyrsta kafla er lagt til breytinga á 9. gr. samþykka sjóðsins. Megininntak breytinga á greininni snúa að iðgjöldum sjóðfélaga, innheimtu þeirra og upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Í öðrum kafla er lagt til breytinga á gr. 11.2., 11.7. og 19.2. Megininntak breytinga á greinum þessum snúa að ellilífeyri, n.t.t. frestun töku lífeyris, iðgjöldum sem berast eftir að taka lífeyris hefst og umsóknum um ellilífeyri. Í þriðja kafla er lagt til breytinga á hinum ýmsu greinum samþykka þessara. Megininntak breytinganna snúa að samræmingu orðalags milli greina og uppfærslu á tilvísunum samþykktanna í rangar réttindatöflur og rangar greinar.

Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með grænu letri og undirstrikun og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með rauðu letri og yfirstrikun.

1. Iðgjöld, innheimta og upplýsingagjöf til sjóðfélaga

Stjórn leggur til eftirfarandi breytinga á 9. gr. samþykka sjóðsins sem fjalla um iðgjöld til lífeyrissjóðsins, innheimtu þeirra og upplýsingagjöf til sjóðfélaga.

1.1. Breytinga á grein 9.1. (Ráðstöfun iðgjald í séreign)

- 9.1. Iðgjöld til lífeyrissjóðsins skulu vera samkvæmt kjarasamningum FÍA, nú að lágmarki 20% af launum sjóðfélaga sem tilgreind eru í 2. og 3. tölul. 9. gr. og mynda þau rétt til samtryggingarverndar samkvæmt ákvæðum samþykka sjóðsins. Sjóðfélaga er heimilt að lækka iðgjald til samtryggingarverndar og verja þannig hluta iðgjaldsins til öflunar lífeyrisréttinda í séreign sbr. lög um lífeyrissjóði, ~~enda sé gerður um það sérstakur skriflegur samningur á milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins. Ef sjóðfélagi ákveður að ráðstafa hluta iðgjaldsins í séreign getur sjóðfélaginn ekki ákveðið á síðari stigum að ráðstafa engu eða lægra iðgjaldi til séreignarspamaðar.~~ Lágmarksiðgjald sem greitt er til sjóðsins skal vera 12,4%. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út skilmála um slíkan samning byggða á tryggingafræðilegum forsendum um lágmarkstryggingavernd.

Rökstuðningur:

Stjórn leggur til breytinga á gr. 9.1 samþykka sjóðsins. Í fyrsta lagi er lagt til að orðalag greinarinnar um tölul. sé samræmt öðrum greinum samþykktanna. Í öðru lagi er lagt til að setning greinarinnar um að gerður sé sérstaklega skriflegur samningur milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins þegar sjóðfélagi hefur ákveðið að ráðstafa hluta iðgjaldsins til öflunar lífeyrisréttinda í séreign hjá öðrum lífeyrissjóði, verði felld brott. Ástæða þess er að óþarfi er að sjóðfélagi geri samning um slíkt við sjóðinn um slíkt enda tekur sjóðurinn ekki við umræddu iðgjaldi. Nóg er fyrir sjóðfélaga að gera samning við þann sjóð sem þeir ráðstafa hluta iðgjaldsins til. Í þriðja lagi er lagt til að bætt verði inn í samþykktir sjóðsins sú regla sem áður var að finna í umræddum samningi milli sjóðfélagans og sjóðsins og kveður á um að ákvörðun um ráðstöfun til séreignar sé óafturkræf.

1.2 Breyting á grein 9.9 (upplýsingagjöf til sjóðfélaga)

- 9.9 Sjóðurinn skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafri athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur

fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri. Jafnframt skal lífeyrissjóðurinn veita nýjum sjóðfélögum upplýsingar um helstu réttindi sem ávinnast við greiðslu iðgjalda ásamt upplýsingum um skipulag og stefnu sjóðsins. Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum og upplýsingum skv. þessari grein með rafrænum hætti þar sem rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga er krafist, en við rafræna birtingu upplýsinga sem teljast almenns eðlis þarf þó ekki að krefjast rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga. Slíkar upplýsingar verða almennt að finna á heimasíðu sjóðsins. Sjóðfélaga er þó ávallt frjálst að óska eftir því að fá ofangreind gögn og upplýsingar á pappírformi sér að kostnaðarlausu.

Rökstuðningur:

Stjórnin leggur til breytingu á grein 9.9 samþykkt sjóðsins. Með breytingu á grein 9.9. er verið að uppfæra upplýsingagjöf sjóðsins til samræmis við breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem tóku gildi 1. apríl 2023, en ákvæði laganna fjallar nú um upplýsingagjöf sjóðsins til nýrra sjóðfélaga og að lífeyrissjóðum sé nú heimilt að ákveða að skila upplýsingum og yfirlitum yfir iðgjöld sjóðfélaga með rafrænum hætti þar sem rafrænnar auðkenningar er krafist. Þó sé sjóðnum heimilt að hafa upplýsingar sem teljast almenns eðlis áfram á heimasíðu sjóðsins.

1.3 Breyting á greinum 9.11-9.13 (innheimta iðgjalda)

- 9.11 Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Heimilt er sjóðnum að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil. Um innheimtu samkvæmt þessari grein fer að öðru leyti eftir 9.8.
- 9.12 Öllum innborgunum launagreiðanda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og skapa réttindi samkvæmt því. Sjóðnum er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfalli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.8. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þessa tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.
- 9.123 Sjóðurinn getur veitt viðtöku fé, sem sjóðfélaga er heimilt að yfirfæra úr öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, þegar að töku lífeyris kemur.

Rökstuðningur:

Stjórnin leggur til breytingu á greinum 9.11-9.13 samþykkt sjóðsins sem fjalla um innheimtu iðgjalda sjóðfélaga. Greinar 9.11 og 9.12. samræmast ekki því verklagi sem innheimtutækni býður upp á í dag og er því lagt til að fella greinina úr gildi. Ef samþykkt verður að gera breytingar á greinum 9.11-9.12 leggur stjórn til að grein 9.13 verði 9.12.

2. Ellilífeyri

Stjórn leggur til breytinga á greinum 11.2., 11.7 og 19.2. samþykkt sjóðsins sem allar varða útgreiðslu ellilífeyris til sjóðfélaga, n.t.t. frestun töku lífeyris, iðgjöld sem berast eftir að taka ellilífeyris hefst og umsóknar um ellilífeyri.

2.1 Breytingar á grein 11.2 (frestun töku lífeyris)

- 11.2. Sjóðfélagi sem orðinn er 65 ára getur frestað töku lífeyris til allt að 80 ára aldurs. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris eftir 65 ára aldur hækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu II III fyrir hvern mánuð sem líður frá 65 ára aldri þar til taka lífeyris hefst. Hækkun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 65 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins. Hafi sjóðfélagi ekki sótt um greiðslu ellilífeyris þegar viðmiðunardri er náð skv. gr. 11.1. skal litið svo á að sjóðfélagi hafi kosið að fresta töku lífeyris.

Rökstuðningur:

Stjórnin leggur til tvær breytingar á grein 11.2 samþykktu sjóðsins sem fjallar um frestun töku lífeyris. Í fyrsta lagi er lagt til að uppfærð verði tilvísun í töflu. Í öðru lagi er lagt til að til skýringar verði bætt inn ákvæði um að ef sjóðfélagi hafi ekki sótt um greiðslu ellilífeyris þegar viðmiðunardri er náð sé svo litið á að sjóðfélagi hafi kosið að fresta töku lífeyris. Þannig sé komið í veg fyrir að greiðslu hefjist til sjóðfélaga þegar hann hefur náð viðmiðunardri án þess að viðkomandi hafi óskað eftir slíku.

2.2 Breytingar á grein 11.7 (iðgjöld sem berast eftir að taka ellilífeyris hefst)

- 11.7. Iðgjöld sem sjóðfélagar greiða eftir að taka ellilífeyris hefst 65 ára aldur veita réttindi samkvæmt töflu I IV. Ellilífeyrisréttindi sem aflað er á hverju aldursári samkvæmt þessari grein koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins til greiðslu samkvæmt sérstakri umsókn sjóðfélaga. Ellilífeyrir sem aflað er samkvæmt þessari grein skv. töflu IV hækkar þegar töku hans er frestað fram yfir næsta afmælisdag samkvæmt því sem tilgreint er í töflu II töflunni. Á meðan sjóðfélagi hefur ekki sótt um greiðslu réttinda samkvæmt þessari grein er litið svo á að hann hafi kosið að fresta töku umrædds lífeyris. Réttindi veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði gr. 13. gr.

Rökstuðningur:

Stjórnin leggur til breytinga á grein 11.7 sem fjallar um iðgjöld sem berast sjóðnum eftir að taka ellilífeyris hefst (hér eftir einnig „aukagreiðslur“). Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæðið sé hreinsað og skýrt. Verði nú miðað við iðgjöld sem berast eftir að taka ellilífeyris hefst en ekki við 65 ára aldur, því ekki allir sjóðfélagar velja að byrja á ellilífeyri 65 ára. Í öðru lagi er tekið út viðmiðið um að einungis komi þetta fyrst til greiðslu eftir næsta afmælisdag, heldur sé einungis nóg að sækja um þessar aukagreiðslur og ekki sé miðað við afmælisdag. Í þriðja lagi er lagt til að texta greinarinnar um frestun og flýtingu vegna þessara aukagreiðslna sé breytt þannig að ef ekki er sótt um umræddar aukagreiðslur sé litið svo á að sjóðfélagi hafi kosið að fresta töku umrædds hluta lífeyrissins. Í fjórða lagi er lagt til að orðalag ákvæðisins sé samræmt orðalagi annarra greina og tilvísanir í rangar töflur uppfærðar.

2.3 Breytingar á grein 19.2 (umsókn um lífeyri)

- 19.2. Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg og henni skulu fylgja þau gögn sem nauðsynleg eru að mati sjóðsins til að úrskurða um lífeyri. Láti umsækjandi sjóðnum ekki í té tilskildar upplýsingar er honum rétt að vísa umsókn frá. Þá er lífeyrisþegum skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu lífeyris eða fjárhæð hans. Ellilífeyrir er greiddur eftir að umsókn berst sjóðnum og greiðist ekki aftur í tímann. Þegar hámarksaldri er náð skv. gr. 11.2. skal hefja greiðslu ellilífeyris eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 80 ára aldri er náð enda hafi sjóðurinn nauðsynlegar upplýsingar þar um. Berist umsókn eftir að 80 70 ára aldri er náð er þó heimilt að greiða ellilífeyri aftur í tímann til 80 70 ára aldurs. Aldrei skal sjóðnum skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en fjögur ár, reiknað frá byrjun mánaðar er umsókn berst sjóðnum.

Rökstuðningur:

Stjórn leggur til tveggja breytinga á grein 19.2 sem fjallar um umsókn sjóðfélaga um ellilífeyri. Í fyrsta lagi leggur stjórn til að bætt verði inn texta um að ef sjóðfélagi hafi ekki sótt um ellilífeyri fyrir hámarksaldur (80 ára) þá hefjist greiðslur ellilífeyris næsta mánuð eftir að sjóðfélagi hefur náð 80 ára

aldri, enda hafi sjóðurinn nauðsynlegar upplýsingar þar um. Sjóðfélagi sækir þannig ekki sérstaklega um útgreiðslu heldur hefjast greiðslur þegar sjóðfélagi hefur náð hámarksaldri. Í öðru lagi er lagt til að tilvísun ákvæðisins til 70 ára hámarksaldurs verði réttilega uppfærður í samræmi við réttan hámarksaldurs, sem er 80 ára.

Kosið verður um samþykktabreytingar og stjórnarkjör rafrænt sem opnar að loknum ársfundi og stendur í viku

6. Stjórnarkjör

Örnólfur Jónsson fór yfir stjórnarkjör sjóðsins. Stjórn EFÍA er skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum. Samkvæmt greinum 4.1 í samþykktum sjóðsins skulu sjóðfélagar nú kjósa tvo aðalmenn og einn varamann til stjórnarsetu í tvö ár. Að auki eiga svo sæti í stjórninni einn aðalmaður og tveir varamenn sem kjörnir voru 2022 til tveggja ára og tveir aðalmenn og tveir varamenn sem Icelandair tilnefnir til eins árs. Auglýst var eftir framboðum til stjórnar þann 4. apríl 2023 og lauk framboðsfresti þann 18. apríl 2023. Örnólfur fór yfir þau framboð sem borist höfðu og ítrekaði að nú strax í kjölfar fundar opnaði rafræn kosning til stjórnar sem stendur í viku. Frekari upplýsingar um framboð má nálgast á heimasíðu sjóðsins. Sjálfkjörið er í sæti aðalmanna en kjósa þarf um sæti varamanns.

Ingvar og Davíð kynntu sig og sín framboð stuttlega.

7. Skipun stjórnarmanna sem ekki eru kjörnir á ársfundi og laun stjórnarmanna

Snædís fór yfir skipun stjórnarmanna, tímann sem stjórnarmenn eiga eftir af sínu kjörtímabili og laun stjórnarmanna. Kjörnir stjórnarmenn til aðalstjórnar er Salvör Egilsdóttir 2022-2024. . Kjörnir varamenn 2022 – 2024 voru Úlfar Henningsson og Arna Óskarsdóttir. Fulltrúar atvinnurekanda eru þau Sigrún Hjartardóttir og Magnús Jón Magnússon. Varamenn atvinnurekanda eru þau Ari Guðjónsson og Íris Hulda Þórisdóttir.

Snædís fór yfir hækkun launa stjórnar, sem var um 7% frá fyrra ári.

Heildarlaun stjórnar á mánuði:

Formaður	361.755 kr.
Varaformaður	271.316 kr.
Stjórnarmaður	180.877 kr.
Varamenn, ef þeir taka sæti	180.877 kr.
Varamenn (fyrir hvern fund)	57.881 kr.

Laun endurskoðunarnefndar fyrir hvern fund:

Samþykkt samhljóða.

8. Val endurskoðanda

Örnólfur Jónsson fór yfir val á endurskoðanda sjóðsins. Fyrir liggur að endurskoðunarnefnd EFÍA hefur gert þá tillögu til stjórnar að Grant Thornton og endurskoðandinn Davíð Arnar Einarsson sem annaðist endurskoðun ársins 2022 verði valin að nýju. Stjórn hefur samþykkt þá tillögu og leggur hana hér með fyrir ársfund.

Engin er á móti því og skoðast því tillagan um val endurskoðanda samþykkt.

9. Önnur mál

Steinar Steinarsson, er með starfslokasamnings og saknar þess að sjá upplýsingar í appinu. Þetta er í vinnslu sagði Snædís, vandinn felst í því að þegar útgreiðslur hefjast birtir kerfið einungis greiðsluupphæð og hættir, eðlilega, að framreikna áætlaðan lífeyri. Sem er óheppilegt þegar sjóðfélagar eru enn að greiða. Þetta er í skoðun.

Óskar Tryggvi Svavarsson, sagði að þessi fínu kjör sem bjóðast sjóðfélögum EFÍA hjá bankanum, gerast ekki sjálfkrafa. Snædís svaraði því að það væri rétt, þannig væri það í dag og hefði verið. Hins vegar væri verið að vinna í breytingu þar á sem kæmi til framkvæmda fljótlega.

Ekki var fleira rætt á fundinum.

Sturla tók til máls í lok fundar, þakkaði kærlega fyrir góðan fund og sleit fundi.

Fundi slitið kl. 14:13



Örnólfur Jónsson
Fundarstjóri



Unnur Elín Jónsdóttir
Fundarritari